

Miðvikudaginn 11.nóvember 2020 var stjórnarfundur Bakkahvamms hses. haldinn í fjarfundi og hófst hann kl.17:00

Mættir voru: Einar Jón Geirsson, Skúli Guðbjörnsson, Þuríður Sigurðardóttir og Jón Egill Jóhannsson.

Einnig sátu fundinn Kristján Sturluson sveitarstjóri og Jóhanna María Sigmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Dalabyggð sem jafnframt ritar fundargerð. Kristján Ingi Arnarsson sat fundinn undir 1. dagskrárlið.

Einar Jón Geirsson formaður stjórnaði fundi.

### **Dagskrá:**

#### **1. Frágangur á lóð**

Sveitarfélagið er að ganga frá gangstétt, verður vonandi á föstudaginn n.k. Samhliða jöfnun undir gagnstétt er verið að ganga frá undirlagi fyrir bílastæði. Samkvæmt skilalýsingu ætti Hrafnshóll að útvega hellur fyrir bílastæðisfrágang sem yrðu afhentar á lagningarstað. Ef að þær skila sér stendur a.m.k. eftir þökulögn. Framkvæmdir við frágang þurfa að vera í takt við svigrúm fjármagns hjá Bakkahvammi hses. Frágangur verði skoðaður nánar þegar hellur hafa skilað sér.

#### **2. Bríet**

Í upphafi þessa verkefnis var strax rætt við ráðherra og Íbúðalánasjóð um að íbúðirnar myndu renna inn í Bríet þegar þær yrðu tilbúnar. Var tekið jákvætt í það. Núna er Bríet komið af stað og m.a. búið að kaupa íbúðir á Drangsnesi. Einar, Skúli og Kristján áttu fund með framkvæmdarstjóra Bríetar og fulltrúa HMS. Ef vilji er til myndi Bakkahvammur hses renna þar inn og taka yfir þær skuldbindingar sem stofnunin hefur. Þrátt fyrir að fara þarna inn myndu sömu reglur eiga við varðandi leigjendur, þ.e. tekjuviðmið. Ef vilji er til þess að íbúðirnar renni inn í Bríet þá þarf að koma formlegt erindi frá Bakkahvammi.

Samþykkt að fela formanni að senda inn erindi til Bríetar.

Fundargerð staðfest af fundarmönnum í tölvupóstum.